



Mynd af bréfahníf sem Matthías Andr sson myndskeri skar og formaður sendi til félaganna í tölvupósti með ósk um ráðningu á gátunni “Hvað er grafið á hnífinn?”

Mars

Opið hús í mars verður 9. þess mánaðar og mun Björn Bergsson fjalla þar um **Tréskera 20. aldar**.

Félagið er að safna saman upplýsingum um tréskera fyrri tíma, bæði lærða og leika.

Nokkuð er vitað um þá sem lærðu hjá “gömlu meisturunum” en minna vitað um konur og karla sem náð hafa góðum árangri í tréskurði án þess að fara í “meistaránám”.

Áhugavert umfjöllunarefni og gaman væri að fá frá ykkur upplýsingar um tréskera sem þið þekkið eða kannist við og helst myndir af skurðverkum þeirra.

Vinnustund verður 28. febrúar, Hólshrauni 5 Hafnarfirði kl. 20-22

Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð
1. tbl. 18. árgangur 2013



Frá formanni

Engin regla er án undantekningar. Opna húsið í febrúar frestast um viku. Ástæðan er að mestu sú að tíminn líður svo hratt að fyrir en varir verður komin vorsól og blíða.

Eitt af því sem hefur átt hug áhugafólks um tréskurð er efniviðurinn. Hvaða viðartegund hentar til tréskurðar, hvar er hægt að nálgast hana o.s.frv.

Stjórnin ákvað að fá Bjarna Þór til að fjalla um hvernig er að skera í einstaka gerðir timburs.

Í auglýsingu hér í Brýninu er bent á að æskilegt sé að félagsmenn komi með skurðverk úr viðartegundum sem við erum alla jafna ekki að skera í. Framsaga Bjarna Þórs og umræða félagsmanna á opnu húsi er góður vettvangur til að fá innsýn í þennan hluta tréskurðar. Einnig er líklegt að komið verði inn á erfiðleika við að útvega sér hentugt skurðefni.

Að fortíð skal hyggja þegar framtíð skal byggja. Þetta eru bæði gömul og ný sannindi. Stjórn FÁT hefur áhuga á, og í raun hafið, söfnun upplýsinga um tréskera, bæði lærða og leika. Þar eru á ferðinni biskupar fyrri alda jafnt sem Margrét oddhaga en einnig þeir sem enn eru að gera góð skurðverk.

Það er því ábending til ykkar, félagsmanna, að þið komið á framfæri við stjórn FÁT, upplýsingum um tréskera sem vert er að geta. Einnig er nauðsynlegt að vita eitthvað um þeirra hagi, t.d. hvar þeir búa eða bjuggu og eins ef hægt væri að senda myndir af skurðverkum þeirra.

Á baksíðu er sagt frá bréfahnífi sem Matthías Andr sson gerði og félagið fékk að gjöf. Þar er höfðaletur sem beðið er um ráðningu á. Félagið á ekki í förum sínum margar gerðir höfðaleturs og ef þú félagi góður átt á blaði einhverja tegund þessa leturs, væri fengur að því.

Nú er ég farinn að skrifa eins og íslenskt mál í Ríkisútvarpinu og því mál að linni.

Með bestu kveðjum, Sigurjón

Dagskrá fram á vor

Opið hús 16. febrúar kl. 10-12 “Hvaða viðartegundir henta til tréskurðar”

Vinnustund 28. febrúar 20-22

Opið hús 9. mars 2013 kl. 10-12 “Tréskerar 20. aldar”

Vorsýning 13. og 14. apríl í Gerðubergi

Vorferð í maí

Íslenska birkið

er lauftré fremur smávaxið 5 til 15 metrar á hæð. Það er sjaldan beinvaxið en er mjög harðgerður viður, þétt í sér og smágert. Birkið þolir raka og endist vel, vegna þess að í því er sútnarsýra. Birkibörkur er venjulega kallaður næfrar eða birkinæfrar.

Fyrr á öldum var börkurinn notaður sem fúavörn. Var honum einkum vafið um bitaenda eða breiddur yfir viðinn undir torf. Enn fremur voru gerðar úr honum eins konar legghlífur (Birkibeinar). Unnin var olía úr birkinæfrum sem notuð var til að smyrja svonefnt rússaleður.



Mynd af birkigreini (tekin af heimasíðu Garðheima)

Íslendingar hafa eytt birkiskógum sínum að mestu og notað til eldiviðar en ótrúlega lítið notað þennan fallega við til smíða. Sennilega er aðalorsökin sú að menn höfðu hvorki tök á, né kunnað að þurrka það, svo að úr yrði nothæfur smíðaviður.



Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð
Hólshraun 5 220 Hafnarfjörður
Netfang: silo@mmedia.is
Heimasíða: treskurdur.muna.is
Ritstjórn er stjórn félagsins

Mjög vandasamt er að þurrka birkið þannig að það verði góður smíðaviður, þar sem það er þéttara í sér og smágerðara en aðrar viðartegundir (sjá áhringi). Nú er birkið að koma inn til vegs og virðingar. Vel valið og vel undirbúið birki er mjög ákjósanlegur smíðaviður og hentar sérlega vel til útskurðar á finlegum munum. Það er gott að vinna birkið, það er stíft og heldur vel við og er ekki flísagjarnt. Á Þjóðminjasafninu eru sárafáir munir úr íslensku birki.

Friðgeir H. Guðmundsson
tréskeri og kennari.

Opið hús

verður laugardagsmorguninn 16. febrúar milli kl. 10 og 12
að Hólshrauni 5 í Hafnarfirði.

Umfjöllunarefnið er

“Hvaða viðartegundir henta til tréskurðar”

Bjarni Þór Kristjánsson, tréskeri mun fjalla um efnið og óskandi væri ef félagsmenn kæmu með útskorna hluti úr “ólíklegustu viðartegundum”.

Kaffi og meðlæti.

Sjáumst sem flest því efnið er áhugavert.

